



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Niðurstöður samráðs um drög að frumvarpi um breytingu á ýmsum lögum vegna laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018 (mennta- og menningarmál).

Frumvarpið var birt 3. nóvember 2020 í samráðsgátt stjórnvalda á vefnum Ísland.is (mál nr. S-233/2020) og kallað eftir umsögnum til 16 nóvember. Þrjár umsagnir bárust í gáttina, frá skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einum einstaklingi. Þessir umsagnaraðilar lýstu ánægju með frumvarpsdrögin. Ábendingar lutu aðallega að breytingu á lögum um leikskóla og grunnskóla til samræmis á orðalagi og vegna upptalningu stofnana. Tekið var tillit til flestra þeirra og lítilsháttar breytingar gerðar á orðalagi til samræmis við athugasemdirnar.

Ráðuneytinu barst umsögn Persónuverndar, dags 24. nóvember 2020, sem gerði alvarlegar athugasemdir vegna þeirra heimilda til vinnslu persónuupplýsinga sem verið var að veita Menntamálastofnun. Að mati Persónuverndar voru þær umtalsvert víðtækari heldur en lögbundin verkefni stofnunarinnar samkvæmt lögum nr. 91/2015 um Menntamálastofnun. Ráðuneytið kom til móts við margar athugasemdirnar, en benti Persónuvernd jafnframt á að Menntamálastofnun færi með lögbundið hlutverk samkvæmt öðrum lögum, svo sem lögum nr. 95/2019 um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnaenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Að virtri umsögn Persónuverndar voru gerðar úrbætur á frumvarpinu, sér í lagi hvað varðar heimildir sem verið var að veita Menntamálastofnun til vinnslu persónuupplýsinga. Viðbótarumsögn Persónuverndar barst 16. febrúar 2021. Að mati Persónuverndar hafði verið lögð umtalsverð vinna í lagfæringar hjá ráðuneytinu og voru engar efnislegar athugasemdir gerðar við frumvarpsdrögin. Ákveðið var að leggja frumvarpið fram á 151. löggjafarþingi.